
Gira G1

Gira G1 X1 Client

[IS] Uppsetningar- og Notkunarleiðbeiningar fyrir þann sem annast uppsetningu



Mikilvægt:
Vinsamlegast lesið vandlega áður en búnaður er notaður. Geymist fyrir lestur síðar.

GIRA

Efnisyfirlit

1	Gira G1 sett upp	S. 4
1.1	Fyrsta uppsetning	S. 4
1.2	Fastbúnaður Gira G1 uppfærður	S. 5
1.2.1	Fastbúnaði bætt við	S. 5
1.2.2	Fastbúnaður settur upp	S. 6
2	Stillingar	S. 7
2.1	Kerfisvalmynd	S. 9
2.1.1	Velja flýtiaðgerð	S. 9
2.1.2	Kerfi	S. 10
2.1.2.1	Tenging við Gira X1	S. 11
2.1.2.2	Lykilorði breytt	S. 11
2.1.2.3	Dagsetning/tími	S. 12
2.1.2.4	Stillingar Wi-Fi	S. 13
2.1.2.5	Netstillingar	S. 14
2.1.2.6	Tegund nettengingar	S. 15
2.1.2.7	Stilling nándarskynjara	S. 15
2.1.3	PIN-númer	S. 16
2.1.4	Stilling skjámynda	S. 17
2.1.4.1	Heim valið	S. 17
2.1.4.2	Flýtivalsaðgerðir valdar	S. 18
2.1.4.3	Raða aðgerðum	S. 19
2.1.4.4	Endurheimta sjálfgefnar stillingar	S. 19
3	Aðgerðum í húsi stjórnað	S. 20
3.1	Stöðustika	S. 20
3.2	Yfirlitsstika	S. 20
3.3	Flýtiaðgerð	S. 21
3.4	Reitayfirlit	S. 21
3.5	Ítarlegt yfirlit	S. 22
3.6	Senum stjórnað	S. 24
3.7	Viðveruhnappur og stilling fyrir herbergishita	S. 25
3.8	Tímarofi	S. 26
3.8.1	Tímastilling valin	S. 27
3.8.2	Tímastillingu eytt	S. 28
3.8.3	Allar tímastillingar fyrir aðgerð gerðar virkar eða óvirkar	S. 28
3.9	Aðgerðamöppur	S. 29
4	Dyrasímakerfi sett upp	S. 30
4.1	Gira G1 tengt við dyrasímakerfið	S. 30
4.2	Tengingu við IP-gátt dyrasímakerfis komið á	S. 31
4.2.1	Aðgangsupplýsingar	S. 32
5	Dyrasímakerfinu stjórnað	S. 33
5.1	Uppbygging notendaviðmóts	S. 33
5.2	Brugðist við hringingum	S. 34
5.2.1	Hringingu svarað	S. 34
5.2.2	Lagt á	S. 34
5.2.3	Samtali haldið áfram	S. 35
5.3	Slökkt á hringitóni	S. 35
5.4	Opna hurð	S. 35

5.5 Kveikt á myndavél ..... S. 35
5.6 Kerfisvalmynd fyrir dyrasímakerfi ..... S. 36
5.6.1 Hringt í útistöð ..... S. 36
5.6.2 Innanhússhringing ..... S. 36
5.6.3 Myndavél valin ..... S. 37
5.6.4 Hringitónn ..... S. 37
5.6.5 Sjálfstýring hurðaopnara ..... S. 37
5.6.6 Aðgangsupplýsingar ..... S. 38
5.6.7 Hljóðstyrkur tals ..... S. 38
5.6.8 Hljóðstyrkur hringingar ..... S. 38

6 Veðurspá ..... S. 39
6.1 Veðurspá sett upp ..... S. 39
6.1.1 Bæta við veðurstöð ..... S. 39
6.1.2 Breyta röð veðurstöðvanna ..... S. 40
6.1.3 Eyða veðurstöð ..... S. 40
6.2 Skoða veðurupplýsingar ..... S. 41

7 Líkt eftir viðveru ..... S. 42
7.1 Skráð hvernig líkja skal eftir viðveru ..... S. 42
7.2 Spila upptöku ..... S. 42

8 Viðauki ..... S. 43
8.1 Villuboð ..... S. 43
8.2 Handvirk endurræsing búnaðar með segli ..... S. 43
8.3 Mál Gira G1 ..... S. 44
8.4 Klemmutengingar á PoE-tengieiningu ..... S. 45

9 Ábyrgð ..... S. 45

1

Gira G1 sett upp

Svo uppsetningin gangi rétt fyrir sig þurfa eftirfarandi skilyrði að vera uppfyllt:

- Gira X1 þarf að hafa verið stillt þannig að kerfið sé starfhæft.
- Við uppsetningu Gira X1 í Gira Project Assistant verður að setja upp notanda fyrir Gira G1.
- Gira G1, Gira X1 og tölvan sem er notuð til að taka kerfið í notkun (með Gira Project Assistant uppsett) verða að vera á sama neti.

Athugið
Hámarksfjöldi aðgerða sem hægt er að nota

Athugið að af allt að 250 leyfilegum aðgerðum er hægt að nota að hámarki 60 ljósdeyfingar- eða hitastigsaðgerðir (með kvarða).

1.1 Fyrsta uppsetning

1 Setjið Gira G1 upp (sjá uppsetningarleiðbeiningar fyrir Gira G1).
✓ Forritið fyrir fyrstu uppsetningu ræsist sjálfkrafa þegar vinnsluspennu er hleypt á.
2 Þegar Gira G1 er fyrst sett upp birtist uppsetningaraðstoð á skjánum. Fylgið leiðbeiningunum á skjánum.
Athugið:
Á tækjum sem tengja á við net með Wi-Fi og/eða án DHCP verður fyrst að fara í gegnum uppsetningaraðstoðina í Gira G1 til þess að komast í stillingar fyrir nettengingu.
Ef Gira G1 er tengt við netið með LAN og DHCP er hægt að byrja strax á því að uppfæra fastbúnaðinn (skref 9).
3 Veljið tungumál í stillingum fyrir Gira G1.
4 Lesið leyfissamninginn og samþykkið hann með því að fletta niður alla síðuna, haka við og smella síðan á [samþykkja].
5 Veljið rétt tímabelti.
6 Hlaupið yfir stillingar forrita með því að ýta á [Áfram].
7 Ljúkið grunnstillingu með því að ýta á [Ræsa].
✓ Tækið byrjar þá á stillingu fyrir fyrstu uppsetningu og skiptir síðan yfir í kerfisstillingar.
8 Í kerfisstillingunum er hægt að fara yfir stillingar fyrir nettengingu [sjá 2.1.2.5] og tegund nettengingar (LAN eða Wi-Fi) [sjá 2.1.2.6] og breyta þeim.
9 Setjið upp uppfærslu fyrir fastbúnað G1 X1 Client í GPA [sjá 1.2].
✓ Þegar fastbúnaðurinn hefur verið uppfærður birtist uppsetningaraðstoðin aftur. Fylgið leiðbeiningunum á skjánum.
10 Veljið tungumál í stillingum fyrir Gira G1.
11 Samþykkið leyfisskilmálana.
12 Veljið rétt tímabelti.


13 Ákveðið hvaða eiginleika á að nota á Gira G1.
14 Ljúkið grunnstillingu með því að ýta á [Ræsa].
✓ Tækið byrjar þá á stillingu fyrir fyrstu uppsetningu og birtir því næst glugga til þess að koma á tengingu við Gira X1.
Ef Gira G1 er tengt við netið með LAN og DHCP er hægt að fara beint í skref 15.
Ef Gira G1 er tengt við netið með Wi-Fi og/eða án DHCP þarf að koma tengingu við netið á áður en hægt er að tengjast Gira X1.
15 Færið inn upplýsingarnar fyrir tenginguna (notandanafn og lykilorð) sem voru skráðar áður í GPA fyrir Gira G1 [sjá 2.1.2.1].
16 Sláið inn aðgangsupplýsingarnar fyrir dyrasímakerfið [sjá 4.2.1].
17 Veljið staði fyrir veðurstöðina [sjá 6.1.1].

1.2 Fastbúnaður Gira G1 uppfærður

1.2.1 Fastbúnaði bætt við

Til þess að hægt sé að nota Gira G1 sem Gira X1 Client þarf fyrst að setja upp samsvarandi fastbúnað á Gira G1.

Áður en hægt er að hlaða nýjum fastbúnaði á tæki verður að bæta nýja fastbúnaðinum við í Gira Project Assistant. Hægt er að vista mismunandi útgáfur fastbúnaðar fyrir tæki í Gira Project Assistant og hlaða þeim síðan niður í tækin í skjámyndinni „Viðhald og uppfærsla“.
Yfirlit yfir tiltækar útgáfur fastbúnaðar er að finna í skjámyndinni „Stillingar“ - „Fastbúnaður“.



Mynd 1
Gira Project Assistant Stillingar - fastbúnaður


Fastbúnaði bætt við

Til þess að bæta nýjum fastbúnaði við listann í Gira Project Assistant skal gera eftirfarandi:

1 Hlaðið nýrri útgáfu fastbúnaðar niður af vefsvæði Gira.
2 Vistið sóttu ZIP-skrána í aðgengilegri möppu.
3 Opnið skjámyndina „Stillingar“ í aðalvalmynd GPA.
4 Smellið á „Fastbúnaður“ í glugganum „Stillingar“.
5 Smellið á „Bæta við fastbúnaði“.
6 Í glugganum sem opnast skal velja rétta fastbúnaðarskrá (ZIP-skrá) og smella á „Opna“.
✓ Fastbúnaðurinn er þá tiltækur í GPA til þess að uppfæra tæki.
7 Lokið glugganum með því að smella á „Loka“.

1.2.2 Fastbúnaður settur upp

Nýi fastbúnaðurinn er settur upp í skjámyndinni „Viðhald og uppfærsla“ í Gira Project Assistant.



Mynd 2
Gira Project Assistant
Viðhald og uppfærsla

Fastbúnaði hlaðið á tæki

Nýja fastbúnaðinum er hlaðið á Gira G1 með eftirfarandi hætti:

1 Opnið skjámyndina „Viðhald og uppfærsla“ í Gira Project Assistant.
2 Skjámyndin sem opnast sýnir öll tæki sem eru tengd á þessu neti.
3 Veljið Gira G1 með því að haka í viðkomandi reit.
4 Smellið á tannhjólstáknið og því næst á „Velja fastbúnað“ til þess að velja rétta fastbúnaðarútgáfu.
5 Veljið fastbúnaðarútgáfuna fyrir Gira G1 X1 Client.
6 Smellið á „Hefja uppfærslu“ til þess að hlaða fastbúnaðinum á tækið.
✓ Að uppsetningunni lokinni endurræsir Gira G1 sig og sýnir uppsetningaraðstoðina.


2

Stillingar

Hægt er að framkvæma grunnstillingar fyrir Gira G1 í skjámyndinni [Stillingar].

1 Opnið skjámyndina [Stillingar] með því að ýta á tannhjólstáknið í yfirlitsstikunni.
✓ Þá opnast skjámyndin [Stillingar] með undirflokkunum:
- Kerfisvalmynd
- Dyrasímakerfi*
- Veðurstöð*
- Upplýsingar

*Aðeins ef forritið var valið þegar uppsetning fór fram




Mynd 3
Skjámynd [Stillingar]

Athugið
Fjöldi valmyndaatriða

Fjöldi valmyndaatriða í skjámyndinni [Stillingar] fer eftir því hvaða eiginleika í Gira G1 er fyrirhugað að nota. Eftirfarandi dæmi sýna ávallt alla möguleika. Ef t.d. á ekki að nota dyrasímakerfið birtast viðkomandi stillingar ekki á skjánum.

Á eftirfarandi mynd má sjá uppbyggingu valmyndar fyrir skjámyndina [Stillingar]:



Mynd 4
Uppbygging valmyndar [Stillingar]

* Birtist aðeins þegar Wi-Fi er valið sem nettenging
** Aðeins ef forritið var valið þegar uppsetning fór fram
*** Birtist ekki fyrr en tengingu við IP-gátt dyrasímakerfis hefur verið komið á

2.1
Kerfisvalmynd


Í kerfisvalmyndinni standa eftirfarandi aðgerðir til boða:

- Flýtiaðgerð valin [sjá 2.1.1]
- Kerfi [sjá 2.1.2]
- PIN-númer [sjá 2.1.3]
- Stilling skjámynda [sjá 2.1.4]

2.1.1
Velja flýtiaðgerð

Flýtiaðgerð er aðgerð sem hægt er að framkvæma á hvaða skjámynd sem er með því að leggja alla höndina yfir skjáinn. Sem flýtiaðgerð er hægt að velja aðgerðirnar „kveikja/slökkva“ (snertirofi), „hnappur (kveikja/slökkva)“, „hnappur (ýta/sleppa)“ og „senum stjórnað“. Hér er tilvalið að velja aðalaðgerð herbergisins þar sem Gira G1 er staðsett, t.d. kveikja og slökkva á loftljósum.

1 Ýtið á reitinn [Flýtiaðgerð valin] í kerfisvalmyndinni.
✓ Síðan [Flýtiaðgerð valin] opnast.




Mynd 5
Velja flýtiaðgerð

2 Virkið reitinn [Virkja flýtiaðgerð].
✓ Fyrir aftan listann yfir aðgerðirnar er valreitur. Virkjaða aðgerðin er merkt með punkti í valreitnum.
3 Virkið valreitinn fyrir aftan aðgerðina sem skal vista sem flýtiaðgerð.
4 Ýtið á reitinn [í lagi].
✓ Gögnin hafa verið vistuð. Kerfisvalmyndin er opin.

2.1.2
Kerfi


1 Ýtið á reitinn [Kerfi] í kerfisvalmyndinni.
✓ Síðan [Kerfi] opnast.



Mynd 6
Kerfisstillingar

✓ Eftirfarandi valmyndaratriði standa til boða:
- Tenging við Gira X1 [sjá 2.1.2.1]
- Lykilorði breytt [sjá 2.1.2.2]
- Dagsetning/tími [sjá 2.1.2.3]
- Stilla Wi-Fi [sjá 2.1.2.4]
  (birtist aðeins þegar „Wi-Fi“ er valið sem tegund nettengingar)
- Netstillingar [sjá 2.1.2.5]
- Tegund nettengingar [sjá 2.1.2.6]
- Nándarskynjari stilltur [sjá 2.1.2.7]
- Endurstillt á verksmiðjustillingu
- Endurræsing

2.1.2.1
Tenging við Gira X1




Mynd 7
Tenging við Gira X1

Tengingu Gira G1 við Gira X1 er komið á með eftirfarandi hætti:

1 Færið inn IP-tölu Gira X1.
2 Færið inn notandanafn og lykilorð.
3 Staðfestið upplýsingarnar með Í lagi.
✓ Gögnin hafa verið vistuð. Tengingu við Gira X1 hefur verið komið á.

2.1.2.2
Lykilorði breytt




Mynd 8
Lykilorði breytt

Hægt er að breyta lykilorðinu sem notandanum var úthlutað þegar kerfið var sett upp. Það er gert með eftirfarandi hætti:

1 Sláið gamla lykilorðið inn.
2 Sláið nýja lykilorðið inn.
3 Sláið nýja lykilorðið inn aftur.
4 Staðfestið upplýsingarnar með Í lagi.
✓ Nýja lykilorðið hefur verið vistað.

2.1.2.3
Dagsetning/tími


Hér er hægt að breyta tíma- og dagsetningarsniði í stöðustikunni.



Mynd 9
Tími/dagsetning

1 Tími: Veljið 12 eða 24 tíma snið.
2 Dagsetning: Stillið dagsetningarsniðið og staðfestið með [í lagi].
✓ Sniðið sem er valið birtist í stöðulínunni.

2.1.2.4 Stillingar Wi-Fi



Mynd 10
Stillingar Wi-Fi

Þegar Gira G1 er tengt við Wi-Fi-net sést Wi-Fi-tengingin hér.

Wi-Fi-tenging

Á svæðinu „Tiltæk Wi-Fi-net“ birtast öll tiltæk Wi-Fi-net sem finnast í nágrenni Gira G1. Ef tengja á Gira G1 við Wi-Fi-net af listanum skal fara þannig að:

Tiltæk Wi-Fi-net

1 Ýtið á Wi-Fi-netið sem tengja á Gira G1 við.
2 Sláið inn lykilorðið fyrir Wi-Fi-netið og staðfestið með [í lagi].
✓ Gira G1 tengist Wi-Fi-netinu.

WPS (Wi-Fi Protected Setup) er eiginleiki sem gerir kleift að tengjast Wi-Fi-neti með einum hnappi án þess að slá inn lykilorð. Til þess að hægt sé að nota þennan eiginleika verður beinirinn að styðja WPS.

Valkostir - Setja WPS-stillingu í gang

Gira G1 er tengt við Wi-Fi með WPS-eiginleikanum á eftirfarandi hátt:

1 Ýtið á [Setja WPS-stillingu í gang] á Gira G1.
✓ Á skjámyndinni sem birtist er listi yfir öll tiltæk Wi-Fi-net sem styðja WPS.
2 Veljið Wi-Fi-netið sem tengja á Gira G1 við og staðfestið með [í lagi].
3 Virkið WPS-eiginleikann innan tveggja mínútna á Wi-Fi-beininum.
✓ Tengingu við Wi-Fi er komið á sjálfkrafa.


2.1.2.5 Netstillingar

Varúð
Gira G1 hættir að virka

Þegar stillingum er breytt á síðunni [Netstillingar] getur nettengingin dottið út og þar með valdið truflunum á virkni Gira G1.
Einungis rafvirki með þekkingu á netkerfum má stilla netið.

Þegar netaðgangur fyrir Gira G1 er settur upp er hægt að velja á milli sjálfvirkrar (DHCP) og handvirkrar stillingar netkerfisins. Gira G1 er forstillt frá verksmiðju á DHCP. Í þessu tilviki eru netstillingarnar fengnar sjálfkrafa frá beininum.

DHCP




Mynd 11
Netstillingar

Netið er stillt handvirkt með eftirfarandi hætti:

1 Gerið DHCP óvirkt með því að slökkva með rennirofanum „DHCP virkt“.
✓ Nú er hægt að breyta gildum í innsláttarreitunum fyrir netstillingar.
2 Sláið inn viðkomandi upplýsingar fyrir netaðgang.
3 Staðfestið upplýsingarnar með [í lagi].
✓ Gögnin hafa verið vistuð. Kerfisvalmyndin er opin.

2.1.2.6
Tegund nettengingar

Hér er valið hvort tengja á Gira G1 við netkerfið gegnum staðarnet eða Wi-Fi.




Mynd 12
Tegund nettengingar

1 Veljið tegund nettengingar (staðarnet eða Wi-Fi) og staðfestið með [í lagi].
✓ Gira G1 endurræsist og tegund nettengingar er stillt.

2.1.2.7
Stilling nándarskynjara

Hér er stillt í hvaða fjarlægð þarf að halda hendinni til að vekja Gira G1 úr biðstöðu.

1 Ýtið á reitinn [Stilla nándarskynjara].
✓ Síðan [Stilla nándarskynjara] opnast.



Mynd 13
Stilling nándarskynjara


2 Veljið stillingu fyrir nándarskynjarann:
- slökkt (nándarskynjarinn er óvirkur, þ.e. ýta verður á yfirborðsflötinn til að kveikja á Gira G1),
- nálægt (skynjarinn nemur hreyfingu nálægt),
- miðlungs (skynjarinn nemur hreyfingu úr miðlungsfjarlægð),
- langt (skynjarinn nemur hreyfingu lengra frá).

3 Ýtið á reitinn [í lagi].
✓ Nándarskynjarinn hefur verið stilltur. Kerfisvalmyndin er opin.

2.1.3
PIN-númer

Hægt er að verja stillingar í kerfisvalmynd með PIN-númeri. Það kemur í veg fyrir að óviðkomandi geri breytingar á Gira G1. PIN-númerið er virkjað með eftirfarandi hætti:

1 Ýtið á reitinn [PIN-númer].
✓ Síðan [PIN-númer] opnast.




Mynd 14
PIN-númer

2 Ýtið rofanum „Virkja PIN-númer“ til hægri.
3 Færið PIN-númer inn í efri reitinn og sláið það svo aftur inn í síðari reitinn.
4 Staðfestið innsláttinn með [í lagi].
✓ Þá er ekki hægt að opna kerfisvalmynd Gira G1 án þess að slá fyrst inn PIN-númerið.

2.1.4
Stilling skjámynda

Í stillingu skjámynda er ákveðið hvaða aðgerðir eru sýnilegar og í hvaða röð á aðgerðasvæðinu.

1 Ýtið á reitinn [Stilling skjámynda].
✓ Síðan [Stilling skjámynda] opnast.




Mynd 15
Stilling skjámynda

✓ Eftirfarandi valmyndaratriði standa til boða:
- Heim valið [sjá 2.1.4.1]
- Flýtivalsaðgerðir með undirliðum
  - Flýtivalsaðgerðir valdar [sjá 2.1.4.2]
  - Raða aðgerðum [sjá 2.1.4.3]
  - Endurheimta sjálfgefnar stillingar [sjá 2.1.4.4]

2.1.4.1
Heim valið

Hér er hægt að velja hvort upphafsskjárinn er birtur með reitayfirliti eða með ítarlegu yfirliti þegar ýtt er á Heim-reitinn.




Mynd 16
Heim valið

1 Veljið skjámynd fyrir upphafsskjáinn.
2 Ýtið á reitinn [í lagi].

2.1.4.2
Flýtivalsaðgerðir valdar


Hér er hægt að velja aðgerðir sem eru sýndar á aðgerðasvæðinu.

1 Opnið síðuna [Stilling skjámynda].
2 Ýtið á reitinn [Flýtivalsaðgerðir] og síðan á [Velja atriði í flýtival].
✓ Síðan [Velja flýtivalsaðgerðir] opnast og þar má sjá allar tiltækar aðgerðamöppur.



Mynd 17
Flýtivalsaðgerðir valdar

3 Farið í þá aðgerðamöppu sem aðgerðin er vistuð í og sem skal velja í flýtival.
✓ Síðan [Velja flýtivalsaðgerðir, aðgerðamappa] opnast.




Mynd 18
Aðgerðir valdar

4 Virkið aðgerðirnar sem á að velja í flýtival.
5 Ýtið á [í lagi].
✓ Síðan [Velja atriði í flýtival] með lista yfir aðgerðamöppur opnast.
6 Veljið á sama hátt fleiri aðgerðir í flýtival.
7 Ýtið á [í lagi] að þessu loknu.
✓ Síðan [Stilling skjámynda] opnast.
8 Ljúkið öllum stillingum og vistið þær:
Það er gert með því að ýta á [í lagi].
✓ Vakin er athygli á því að stillingum hefur verið breytt.
9 Staðfestið þessar upplýsingar með [í lagi].
✓ Forritið er endurræst í Gira G1. Eftir það sjást flýtivalsaðgerðirnar í aðgerðasvæðinu.

2.1.4.3
Raða aðgerðum

Hér er hægt að velja í hvaða röð aðgerðir og eiginleikar birtast á heimasvæði Gira G1.

1 Opnið síðuna [Stilling skjámynda].
2 Ýtið á reitinn [Flýtivalsaðgerðir] og síðan á [Raða aðgerðum].
✓ Síðan [Raða aðgerðum] er opin og þar má sjá allar tiltækar einingar í Gira G1.



Mynd 19
Raða aðgerðum

3 Setjið fingurinn á strikatákn einhvers valmyndaratriðis og færið aðgerðirnar til eftir þörfum.
4 Færið fleiri valmyndaatriði til á sama hátt.
5 Ýtið á [í lagi] að þessu loknu.
✓ Síðan [Flýtivalsaðgerðir] opnast.
6 Ljúkið öllum stillingum og vistið þær: Það er gert með því að ýta á [í lagi].
✓ Vakin er athygli á því að stillingum hefur verið breytt.
7 Staðfestið þessar upplýsingar með [í lagi].
✓ Forritið er endurræst í Gira G1. Eftir það sjást flýtivalsaðgerðirnar í aðgerðasvæðinu í þeirri röð sem var valin.

2.1.4.4
Endurheimta sjálfgefnar stillingar


Hér er hægt að endurstilla skjámynd aðgerðasvæðisins eins og hún var við uppsetningu kerfisins.

1 Opnið síðuna [Stilling skjámynda].
2 Ýtið á reitinn [Flýtivalsaðgerðir] og síðan á [Endurheimta sjálfgefnar stillingar].
✓ Ábending birtist þar sem spurt er hvort endurstilla eigi allar stillingar á stöðuna eins og hún var við fyrstu uppsetningu.
Staðfestið þessar upplýsingar með [í lagi].
✓ Forritið er endurræst í Gira G1. Flýtivalsaðgerðirnar birtast á aðgerðasvæðinu eins og þær voru við fyrstu uppsetningu.

3

Aðgerðum í húsi stjórnað

3.1 Stöðustika



Mynd 20
Gira G1 stöðustika

Táknin á stöðustikunni hafa eftirfarandi merkingar:

[1] Skjámyndin [Slökkt á hringitóni] birtist þegar slökkt hefur verið á hringitóninum í forritinu „Dyrasímakerfi".
[2] Skjámyndin [Sjálfstýring hurðaopnara] birtist þegar sjálfstýring hurðaopnara er virk.
[3] Viðvörunarmerkið í stöðustikunni sýnir að Gira G1 virkar ekki lengur. Þegar ýtt er á viðvörunarmerkið með fingrinum birtist samsvarandi villuboð.
[4] Upplýsingar um tíma og dagsetningu.

3.2 Yfirlitsstika



Mynd 21
Gira G1 yfirlitsstika

Reitirnir á yfirlitsstikunni stýra eftirfarandi aðgerðum:

[1] [Til baka] opnar síðuna sem var síðast opin.
[2] [Heim] opnar upphafssíðu aðgerðasvæðisins.
[3] [Kerfi] opnar skjámyndina [Stillingar].
[4] [Breyta yfirliti] velur reitayfirlit eða ítarlegt yfirlit.

Athugið
Mismunur á eftirfarandi skjámyndum

Myndir af reitum eða ítarlegu yfirliti í þessu skjali kunna að vera frábrugðnar skjámyndum í kerfinu þínu, þar sem hægt er að breyta texta, aðgerðum og táknum eftir þörfum við uppsetningu kerfisins. Í þessu skjali er af þessum sökum eingöngu vísað til helstu aðgerða. Hverja aðgerð er hægt að skoða í yfirliti með reitum eða í ítarlegu yfirliti. Hægt er að skipta yfir í ítarlegt yfirlit aðgerða með því að ýta á reitina.

3.3 Flýtiaðgerð

„Höndin lögð yfir“


Með hreyfingunni „Höndin lögð yfir“ er flýtiaðgerðin valin. Með því að leggja alla höndina yfir skjáinn er fyrirfram skilgreind aðalaðgerð valin beint. Þannig má t.d. nota Gira G1 sem venjulegan rofa til að kveikja og slökkva á loftljósunum. Aðalaðgerðin birtist í stað þeirrar skjámyndar sem var virk og hún hverfur aftur eftir vissan tíma.


Í kerfisvalmyndinni er hægt að velja hvaða aðgerð má framkvæma með flýtiaðgerðinni [sjá 2.1.1].

3.4 Reitayfirlit

Hægt er að velja reitayfirlit eða ítarlegt yfirlit fyrir aðgerðasvæðið. Hægt er að birta allar aðgerðir í byggingu í yfirliti í reitum. Auk þess er hægt að sameina einstakar aðgerðir í einni aðgerðamöppu, t.d. allar aðgerðir í einu rými.

Hægt er að sýna allt að sex litla reiti í reitayfirlitinu.





Mynd 22
Dæmi um yfirlit með reitum

Notkun í reitayfirliti

Á þessari skjámynd er hægt að stjórna helstu aðgerðum eins og að kveikja og slökkva, stilla hitastig eða deyfa ljós í þrepum. Til dæmis er ýtt á plús-/mínushnappinn eða örvahnappana til að deyfa ljósin, stilla hitastigið eða stjórna gluggatjöldum/gluggahlerum.


Þegar ýtt er á reit opnast ítarlegt yfirlit fyrir aðgerðina. Þar er hægt að velja frekari möguleika fyrir aðgerðina (allt eftir því hvernig kerfið er sett upp).

3.5
Ítarlegt yfirlit

Hægt er að velja ítarlegt yfirlit eða yfirlit með reitum fyrir aðgerðasvæðið. Ítarlega yfirlitið er opnað með því að ýta á reit í reitayfirlitinu. Á öllum skjánum er þá hægt að nálgast öll stjórntæki viðkomandi aðgerðar. Flestar aðgerðir eru framkvæmdar með því að snerta skjáinn með fingri, en fyrir tilteknar aðgerðir á borð við stjórnun gluggatjalda er greint á milli þess þegar fingri er haldið stutt eða lengi á skjánum.

Strokið til hliðar

Farið er úr einni aðgerð í þá næstu með því að strjúka fingri til hliðar.



Mynd 23
Dæmi um ítarlegt yfirlit

Kvarði


Hægt er að nota kvarðann fyrir aðgerðirnar [Ljósdeyfir] og [Kynding]. Til að stilla birtustig eða hitastig er til dæmis ýtt beint á viðkomandi gildi á kvarðanum eða hann dreginn í rétta stöðu.


Athugið
Fingri haldið í upphafsstöðu

Áður en fingurinn er dreginn skal halda honum stutt (í u.þ.b. 1 sekúndu) í upphafsstöðunni á kvarðanum til þess að Gira G1 geti leiðrétt staðsetninguna.

Í ítarlega yfirlitinu er hægt að stjórna gluggatjöldum og gluggahlerum með sleða. Til að færa gluggatjöldin eða gluggahlerana upp eða niður eða til að stilla rimlana er sleðinn færður í viðkomandi stöðu.

Gluggatjöld/gluggahlerar
Notkun með sleða






Mynd 24
Ítarlegt yfirlit
Notkun með sleða


Hægt er að stöðva hreyfingu gluggatjalda eða stillingu rimla beint með því að ýta á [STÖÐVA]. Gluggatjöldin stöðvast þá samstundis.

Stöðvunarhnappur

3.6
Senum stjórnað

Sena er hópur aðgerða sem eru alltaf framkvæmdar í einu. Þannig er til dæmis hægt að vista stillingar fyrir tilteknar aðstæður í herbergi og kalla þær fram með því að ýta á hnapp. Sem dæmi má nefna að hægt er að búa til senuna „Horfa á sjónvarpið“ og kalla hana fram með Gira G1. Þegar senan er valin fara gardínurnar til dæmis í tiltekna stöðu, ljósin eru deyfð ákveðið mikið, sýningartjaldið er sett niður og kveikt er á myndvarpanum.





Mynd 25
Senum stjórnað
Vinstra megin: Reitayfirlit
Hægra megin: Ítarlegt yfirlit

Sena vistuð

Í ítarlegu yfirliti er hægt að senda vistunarboð fyrir senu til þess að vista ný gildi fyrir aðgerðir senunnar.

Athugið
Aðgerðir tengdar við senu í GPA

Tengja verður aðgerðir (t.d. ljós, gardínur eða gluggahlera) þegar sena er sett upp.
Þegar senan er vistuð er skrifað ofan í gildin sem voru þegar fyrir hendi.

Þegar vista á ný gildi fyrir aðgerðirnar sem eru þegar fyrir hendi í senunni:

1 Ýtið á reitinn [Stillingar] í ítarlega yfirlitinu fyrir senuna.
✓ Síðan [Stilling senu] opnast.
2 Stillið öll tæki sem tengjast senunni eftir þörfum (t.d. birtustig og stöðu gardína). Þegar senan er valin eru aðgerðir tækjanna framkvæmdar með þessum gildum.
3 Ýtið á reitinn [Vista senu].
✓ Ábending birtist.
4 Ýtið á reitinn [í lagi].
✓ Síðan [Stilling senu] opnast. Senan hefur verið vistuð.

3.7 Viðveruhnappur og stilling fyrir herbergishita


Viðveruhnappur (framlenging á þægindastillingu)


Með viðveruhnappinum er hægt að stilla á þægilegt hitastig úr næturstillingu eða frost-/hitavörn. Til dæmis má nota þennan eiginleika til að stilla herbergi á þægilegt hitastig í tiltekinn tíma í þeim undantekningartilvikum þegar herbergið er einnig notað að næturlagi (til dæmis þegar haldin er veisla).
Þegar ýtt er á viðveruhnappinn í biðstöðu er kveikt varanlega á þægindastillingu.

Breytt um stillingu

Með reitnum [Stilling] er hægt að skipta milli vinnslumáta („Þægindastilling“, „Næturstilling“ o.s.frv.) sem eru tengdir mismunandi hitastillingu á sleðanum.

1 Ýtið á [Stilling] til að breyta um vinnslumáta.
✓ Síðan fyrir vinnslumáta er opin.





Mynd 26
Breytt um vinnslumáta

2 Veljið vinnslumáta og staðfestið með [í lagi].
✓ Ítarlegt yfirlit fyrir kyndingu birtist. Stillingin hefur verið valin.

Vinnslumátarnir eru eftirfarandi:

- Þægindastilling
  Stillt er á þægindastillingu þegar dvalið er í herbergi og hitastigið á að vera þægilegt.
- Biðstaða
  Stilla skal á biðstöðu þegar herbergi er ekki notað yfir daginn. Hitastiginu í herberginu er þá haldið á biðstöðugildi og þannig sparast kostnaður við kyndingu/kælingu.

- Næturstilling
  Nota skal næturstillinguna yfir nóttina eða þegar ekki er dvalist í húsinu í lengri tíma. Kynding í herbergjum (t.d. svefnherbergjum) er þá stillt á lægra hitastig. Hægt er að stilla kælikerfi á hærra hitastig þegar ekki er þörf á loftkælingu (t.d. á skrifstofum).
- Frost-/hitavörn
  Frostvörn er til dæmis nauðsynleg í þeim tilvikum þar sem hitastig í herbergi má ekki fara niður fyrir viss hættumörk þegar gluggi er opinn. Hitavörn getur verið nauðsynleg í þeim tilvikum þar sem ytri áhrif leiða til of hás hitastigs. Í þessum tilvikum er þá hægt að gera frost- eða hitavörn virka, eftir því hvort stillt er á vinnslumátann „Kynding“ eða „Kæling“, og velja hitastillingu til að koma í veg fyrir að hitastig í herbergi fari niður fyrir frostmark eða hækki of mikið.

3.8 Tímarofi


Hægt er að stjórna ýmsum aðgerðum með þægilegum tímarofa. Þannig er hægt að láta framkvæma tilteknar aðgerðir sjálfkrafa á hverjum degi eða á tilteknum tíma á ákveðnum dögum. Er þá til dæmis dregið sjálfkrafa frá gluggum á morgnana og aftur fyrir á kvöldin eða þá að kyndingin er sjálfkrafa sett á næturstillingu.

Nota má tímastillingu fyrir eftirfarandi aðgerðir:

- kveikja/slökkva með 10 tímastillingum,
- deyfa ljós með 10 tímastillingum,
- stjórna gardínum/gluggahlerum með 10 tímastillingum,
- miðla upplýsingum með 10 tímastillingum,
- stjórna senum með 10 tímastillingum,
- loftkæling með 10 tímastillingum,
- stjórna hitastilli og gufubaði með 28 tímastillingum.


3.8.1
Tímastilling valin

1 Veljið [Tímarofi] í ítarlega yfirlitinu fyrir viðkomandi aðgerð.
✓ Síðan [Yfirlit tímarofa] opnast.



Mynd 27
Yfirlit tímarofa

2 Ýtið á reitinn [+].
✓ Síðan [Tímarofi] opnast.




Mynd 28
Tímastilling valin

3 Hægt er að velja og fjarlægja daga fyrir tímastillinguna með því að styðja á þá með fingri. Dagar sem valdir hafa verið fyrir tímastillinguna eru merktir með grænum lit.
4 Veljið klukkan hvað á að framkvæma aðgerðina.
5 Veljið aðgerðina sem á að stilla undir „Velja aðgerð“. Gildið sem hér er valið fer eftir aðgerðinni sem stillt er fyrir.
6 Ýtið á reitinn [í lagi].
✓ Tímastillingin hefur verið valin.

3.8.2
Tímastillingu eytt

1 Opnið síðuna [Yfirlit tímarofa].
2 Ýtið á reitinn [Breyta].
3 Merkið tímastillinguna sem á að eyða.
Hægt er að velja fleiri en eina tímastillingu til að eyða í einu.
✓ Rautt hak birtist þá fyrir framan tímastillinguna. Rauði reiturinn [Eyða] birtist.
4 Ýtið á reitinn [Eyða].
✓ Síðan [Yfirlit tímarofa] er opin. Merktu tímastillingunni hefur verið eytt.

3.8.3
Allar tímastillingar fyrir aðgerð gerðar virkar eða óvirkar



Mynd 29
Allar tímastillingar gerðar virkar/ óvirkar

1 Stillið rofann [allt virkt] á [I] til að gera stillingarnar virkar eða á [O] til að gera þær óvirkar.
2 Ýtið á reitinn [í lagi].
✓ Aðgerðin sem farið var úr á síðuna [Yfirlit tímarofa] er opin. Allar tímastillingar fyrir þessa aðgerð eru virkar eða óvirkar.


Ábending
Tímastillingar gerðar óvirkar tímabundið

Ef taka á tilteknar tímastillingar fyrir aðgerð af tímabundið er einfaldlega hægt að gera alla dagana óvirka (gera þá gráa).

3.9
Aðgerðamöppur

Aðgerðir eru geymdar í aðgerðamöppum.
Hægt er að taka tilteknar aðgerðir saman í aðgerðamöppu, t.d. allar ljósaaðgerðir, til þess að hafa betri yfirsýn yfir þær. Með aðgerðamöppum er einnig hægt að gefa yfirsýn yfir fyrirkomulag í byggingu, t.d. allar aðgerðir í tilteknu rými.

Aðgerðamappa getur innihaldið að hámarki 25 aðgerðir.



Mynd 30
Aðgerðamöppur


4

Dyrasímakerfi sett upp

Einnig er hægt að setja Gira G1 upp sem innistöð ef notuð er Gira IP-gátt dyrasímakerfis og útikerfi með myndavél. Þegar hringt er við dyrnar birtist myndin frá myndavél útistöðvarinnar sjálfkrafa á Gira G1 skjánum. Með einni snertingu er hægt að hefja samtal, opna hurðina eða kveikja ljósið.

4.1 Gira G1 tengt við dyrasímakerfið

Gira G1 er tengt við dyrasímakerfið í gegnum IP-gátt dyrasímakerfisins. Þá er Gira G1 tengt við dyrasímakerfið sem Communicator fyrir dyrasímakerfi.



Mynd 31
Gira G1 með IP-gátt dyrasímakerfis.

Athugið
Slökkt á DHCP í IP-gátt dyrasímakerfis


Til að tryggja örugg samskipti við IP-gátt dyrasímakerfisins þarf að gera DHCP óvirkt í netstillingum IP-gáttar dyrasímakerfisins og slá netstillingarnar inn handvirkt.

4.2 Tengingu við IP-gátt dyrasímakerfis komið á

Athugið
Skilyrði

Til að setja upp aðgerðir dyrasímakerfisins í Gira G1 verður að vera til staðar dyrasímakerfi frá Gira, IP-gátt dyrasímakerfis og tölva með nettengingu.
Í IP-gátt dyrasímakerfisins verður að setja upp Communicator fyrir dyrasímakerfi fyrir Gira G1 áður en eftirfarandi uppsetning er framkvæmd (sjá fylgiskjöl um IP-gátt dyrasímakerfis).

Til að setja upp Gira G1 þarf að slá inn aðgangsupplýsingar IP-gáttar dyrasímakerfisins. Opnið kerfisvalmyndina og sláið inn aðgangsupplýsingarnar fyrir Gira dyrasímakerfið.



Mynd 32
Kerfisvalmynd fyrir dyrasímakerfi.


4.2.1
Aðgangsupplýsingar

Á þessum skjá eru aðgangsupplýsingarnar fyrir dyrasímakerfið slegnar inn. Fyrst þarf að setja upp Communicator fyrir dyrasímakerfi fyrir Gira G1 í Aðstoð fyrir IP-gátt dyrasímakerfis. Notandanafnið og lykilorðið sem valin voru þar eru færð inn í viðkomandi reiti hér.

Varúð
Dyrasímakerfið hættir að virka

Ef stillingunum er breytt getur verið að eiginleikinn fyrir dyrasímakerfið hætti að virka í Gira G1.

1 Opnið kerfissvæðið.
2 Ýtið á reitinn [Aðgangsupplýsingar].
✓ Síðan [Aðgangsupplýsingar] er opin.



Mynd 33
Aðgangsupplýsingar dyrasímakerfis.


3 Færið inn IP-töluna fyrir IP-gátt dyrasímakerfis.
4 Færið inn notandanafn og lykilorð fyrir Communicator fyrir dyrasímakerfi. Fyrst verður að velja notandanafn og lykilorð í Aðstoð fyrir IP-gátt dyrasímakerfis.
5 Ýtið á reitinn [í lagi].
✓ Aðgangsupplýsingarnar fyrir dyrasímakerfið eru vistaðar og Gira G1 er grunnstillt að nýju.
✓ Notendaviðmót dyrasímakerfisins er opið.

5

Dyrasímakerfinu stjórnað

5.1 Uppbygging notendaviðmóts

1 Ýtið á eiginleikann fyrir dyrasímakerfið í ítarlega yfirlitinu eða reitayfirlitinu.
✓ Notendaviðmót dyrasímakerfisins er opið.



Mynd 34
Notendaviðmót dyrasímakerfis.

Reitirnir gegna eftirfarandi hlutverki:

- Myndavél
  Kveikir og slekkur á myndinni frá myndavél útistöðvarinnar.
  Ef um fleiri en eina myndavél er að ræða er hægt að skipta á milli þeirra með því að strjúka til hliðanna.
- Hringitónn
  Kveikir og slekkur á hringitóni
  Þegar slökkt er á hringitóninum er strikað í gegnum reitinn.
- Opna hurð
  Opnar hurðina.
- Hringt við dyr
  Svarar þegar hringt er.
  Nánari upplýsingar [sjá 5.2].

Athugið Reitir með valfrjálsum aðgerðum

Við uppsetningu er hægt að velja mismunandi aðgerðir fyrir báða reitina í miðju notendaviðmótinu. Í þessu dæmi eru það „Kveikja og slökkva ljós“ og „Kveikja á sjálfstýringu“.

Reitir með valfrjálsum aðgerðum

Við uppsetningu er hægt að velja eftirfarandi aðgerðir fyrir reitina í miðjunni:
- Ljós
  Kveikir og slekkur á valfrjálsum rofaliða fyrir dyrasímakerfið
- Sjálfstýring hurðaopnara
  Gerir sjálfstýringu hurðaopnara virka/óvirka.
  Virk sjálfstýring hurðaopnara birtist í stöðustikunni.
- Framkvæma skiptiaðgerð
  Setur af stað skiptiaðgerð í gegnum rofaliða fyrir dyrasímakerfi.
- Hringja í Communicator fyrir dyrasímakerfi
  Setur af stað hringingu í annan Communicator fyrir dyrasímakerfi (t.d. annað Gira G1 tæki).
- Hringja í útistöð
  Setur af stað hringingu í útistöð.

5.2
Brugðist við hringingum

5.2.1
Hringingu svarað

Þegar hringt er í stöðina logar grænt ljós í reitnum [Hringt við dyr] í tvær mínútur.

1 Til að svara hringingu er ýtt á reitinn [Hringt við dyr].
✓ Hringingunni er svarað. Meðan á samtalinu stendur logar ljós í reitnum [Hringt við dyr].

Athugið:
Lengd samtals = tvær mínútur

Hámarkslengd samtals er tvær mínútur. Að þessum tíma liðnum er samtalinu sjálfkrafa slitið.

Ef hringt er frá útistöð með myndavél sýnir skjárinn sjálfkrafa myndina frá myndavélinni.

Ef hringt er frá útistöð með hljóði birtist textinn „Hringt við dyr og „Svara hringingu“ á skjánum. Er þá einnig hægt að svara með því að ýta á reitinn [Hringt við dyr].

5.2.2
Lagt á

Meðan á samtalinu stendur logar rautt ljós í reitnum [Hringt við dyr].

1 Til að leggja á er ýtt á reitinn [Hringt við dyr].
✓ Samtali er lokið. Grænt ljós logar í reitnum [Hringt við dyr].
  Innan 30 sekúndna er hægt að halda samtalinu áfram.

5.2.3
Samtali haldið áfram

Hægt er að halda samtali áfram innan 30 sekúndna eftir að lagt er á. Grænt ljós logar í reitnum [Hringt við dyr] þessar sekúndur.

1 Ýtið á reitinn [Hringt við dyr].
✓ Samtalinu er haldið áfram.

5.3
Slökkt á hringitóni

Varúð
Slökkvið ekki á hringitóninum nema þess þurfi

Ekki skal slökkva á hringingunni nema í undantekningartilvikum. Annars er hætta á því að hringingin heyrist ekki, til dæmis í neyð.

1 Hægt er að kveikja og slökkva á hringitóninum með reitnum [Hringitónn].
✓ Þegar slökkt er á hringitóninum er strikað í gegnum reitinn.

5.4
Opna hurð


1. Ýtið á reitinn [Hurðaopnari].
✓ Hurðaopnaranum er stjórnað. Ef um fleiri en einar dyr er að ræða verða innan tveggja mínútna send boð til hurðaopnarans hjá útistöðinni sem hringt var frá. Skipt er aftur yfir á aðaldyr tveimur mínútum eftir innhringingu eða 30 sekúndum eftir að lagt er á.

5.5
Kveikt á myndavél

1 Ýtið á reitinn [Myndavél].
✓ Myndin frá myndavélinni er sýnd.
Ef um fleiri en eina myndavél er að ræða er sýnd myndavélin sem fyrst var stillt inn í kerfið. Hægt er að skipta á milli myndavéla með því að strjúka til hliðanna.
2 Ýtt er aftur á reitinn [Myndavél] til að slökkva.
✓ Það er slökkt á myndavélinni.

5.6
Kerfisvalmynd fyrir dyrasímakerfi

Á svæðinu fyrir dyrasímakerfið í yfirlitinu [Stillingar] geta verið allt að sjö reitir. Ef dyrasímakerfið hefur ekki verið sett upp birtist eingöngu reiturinn [Aðgangsupplýsingar] í kerfisvalmyndinni.



Mynd 35
Stillingavalmynd dyrasímakerfis.

5.6.1
Hringt í útistöð

Með þessari aðgerð er hringt í útistöð.

1 Ýtið á reitinn [Hringja í útistöð].
✓ Síðan [Hringja í útistöð] er opin. Hér er að finna lista yfir útistöðvar sem settar hafa verið upp í kerfinu.
2 Ýtið á útistöðina sem hringja á í.
✓ Hringt er í útistöðina.

5.6.2
Innanhússhringing

Með þessari aðgerð er hægt að setja af stað innanhússhringingu, t.d. til þess að hringja í aðra innistöð í húsinu.

1 Ýtið á reitinn [Innanhússhringing].
✓ Síðan [Innanhússhringing] er opin. Hér er að finna lista yfir innanhússhringingar sem settar hafa verið upp í kerfinu.
2 Ýtið á innanhússhringinguna sem á að velja.
✓ Hringt er innanhúss.

5.6.3
Myndavél valin

1 Ýtið á reitinn [Val á myndavél].
✓ Síðan [Val á myndavél] er opin. Hér er að finna lista yfir myndavélar sem settar hafa verið upp í kerfinu.
2 Ýtið á myndavélina sem á að velja.
✓ Yfirlitið fyrir dyrasímakerfið opnast og myndin frá völdu myndavélinni er sýnd.

5.6.4
Hringitónn

Með þessari aðgerð er hægt að velja hringitóna fyrir mismunandi útistöðvar.

1 Ýtið á reitinn [Hringitónn].
✓ Síðan [Hringitónn] er opin. Hér er að finna lista yfir útistöðvar í kerfinu.
2 Ýtið á kallhnappinn fyrir útistöðina sem breyta á hringitóninum fyrir.
3 Síðan [Hringitónn valinn] er opin.
4 Ýtið á hringitóninn sem á að spila.
✓ Hringitónninn er spilaður.
5 Ýtið á reitinn [í lagi].
✓ Hringitónninn fyrir kallhnappinn hefur þá verið vistaður. Síðan [Hringitónn] er opin.

5.6.5
Sjálfstýring hurðaopnara

Sjálfstýring hurðaopnara er m.a. notuð á læknastofum, ef virkja á hurðaopnarann sjálfkrafa eftir að stutt er á kallhnapp á útistöð. Þegar sjálfstýring hurðaopnara er virk er hurðaopnarinn sem tengdur er við útistöðina sem hringt er frá virkjaður u.þ.b. fjórum sekúndum eftir að stutt er á kallhnappinn. Ef fleiri en ein útistöð er í dyrasímakerfinu virkar sjálfstýringin sjálfkrafa á hurðaopnarann á útistöðinni sem hringt var á.

Varúð: Hurðin opnast sjálfkrafa

Þegar sjálfstýring hurðaopnara er virk opnast hurðin sjálfkrafa eftir hringingu. Þannig getur hver sem er komist inn í húsið.
Ekki skal gera sjálfstýringu hurðaopnara virka nema að hver sem er eigi að geta komist inn í húsið.

1 Ýtið á skiptirofann [Sjálfstýring hurðaopnara] til þess að gera sjálfstýringu hurðaopnara virka eða óvirka.
✓ Þegar sjálfstýring hurðaopnara er virk er það gefið til kynna með tákni á stöðustikunni.

5.6.6
Aðgangsupplýsingar

Hér eru færðar inn aðgangsupplýsingar fyrir dyrasímakerfið. Fyrst þarf að setja upp Communicator fyrir dyrasímakerfi fyrir Gira G1 í Aðstoð fyrir IP-gátt dyrasímakerfis. Notandanafnið og lykilorðið sem valin voru þar eru færð inn í viðkomandi reiti hér.

Frekari upplýsingar [sjá 4.2.1].

5.6.7
Hljóðstyrkur tals

Hljóðstyrkur tals er hljóðstyrkurinn sem er notaður í samtali við útistöð á Gira G1.

Ábending
Tveir stilla hljóðstyrkinn í sameiningu

Til þess að kanna hljóðstyrkinn ætti annar að standa hjá Gira G1 og hinn að standa hjá útistöðinni.

1 Ýtið á reitinn [Hljóðstyrkur tals].
✓ Síðan [Hljóðstyrk tals breytt] er opin.
2 Færið sleðann [Hljóðstyrkur tals] á rétta stillingu.
3 Kannið hljóðstyrkinn með því að biðja hinn aðilann að tala í útistöðina.
4 Ýtið á reitinn [í lagi] þegar hljóðstyrkurinn hefur verið rétt stilltur.
✓ Hljóðstyrkur tals hefur verið stilltur. Skjámyndin [Stillingar] er opin.

5.6.8
Hljóðstyrkur hringingar

Hljóðstyrkur hringingar er hljóðstyrkur hringitónsins sem gefur til kynna hringingu við dyr á Gira G1.

1 Ýtið á reitinn [Hljóðstyrkur hringingar].
✓ Síðan [Hljóðstyrkur hringingar] er opin.
2 Færið sleðann [Hljóðstyrkur hringingar] á rétta stillingu.
✓ Þegar fingurinn er tekinn frá er hringitónninn spilaður með hljóðstyrknum sem stillt var á.
3 Ýtið á reitinn [í lagi] þegar hljóðstyrkurinn hefur verið rétt stilltur.
✓ Hljóðstyrkur hringingar hefur verið stilltur. Skjámyndin [Stillingar] er opin.

6

Veðurspá


Með veðurspánni er hægt að skoða veðurupplýsingar í allt að fimm borgum fyrir daginn í dag og næstu tvo daga.

6.1 Veðurspá sett upp

Veðurspáin sækir gögn á netinu hjá veðurþjónustu Gira. Til að geta notað veðurspána verður Gira G1 að vera tengt við netið. Grunnstillingar og breytingar fyrir veðurspána eru gerðar í Gira G1.

6.1.1 Bæta við veðurstöð

1 Opnaðu skjámyndina [Stillingar].
2 Ýtið á reitinn [velja veðurstöð].
✓ Síðan [Bæta við veðurstöð] er opin.



Mynd 36
Bæta við veðurstöð

3 Ýtið á reitinn [+].
✓ Innsláttargluggi fyrir lönd birtist á skjánum.
4 Ýtið á innsláttarreitinn [Land] og notið lyklaborðið til að slá inn að minnsta kosti fyrstu tvo bókstafina í landinu þar sem staðurinn er sem var valinn.
5 Ýtið á reitinn [leita].
✓ Listi með löndum birtist á skjánum.
6 Ýtið á landið sem leitað var að.
7 Ýtið á reitinn [áfram].
✓ Innsláttargluggi fyrir borgir birtist á skjánum.
8 Ýtið á innsláttarreitinn [Borg] og notið lyklaborðið til að slá inn að minnsta kosti fyrstu þrjá bókstafina borgarinnar sem leitað er að í innsláttarreitinn [Borg].
9 Ýtið á reitinn [leita].
✓ Listi með borgum birtist á skjánum.
10 Ýtið á borgina sem leitað var að.
11 Ýtið á reitinn [í lagi].
✓ Síðan [Bæta við veðurstöð] er opin. Veðurstöðin birtist í listanum.

6.1.2
Breyta röð veðurstöðvanna


1 Opnaðu skjámyndina [Stillingar].
2 Ýtið á reitinn [velja veðurstöð].
✓ Síðan [Bæta við veðurstöð] er opin.
3 Setjið fingurinn á strikatáknið fyrir framan veðurstöðina og færið hverja veðurstöð til eftir þörfum.
4 Ýtið á reitinn [í lagi].
✓ Röð veðurstöðvanna hefur verið breytt. Skjámyndin [Stillingar] er opin.

6.1.3
Eyða veðurstöð

1 Opnið skjámyndina [Stillingar].
2 Ýtið á reitinn [velja veðurstöð].
✓ Síðan [Bæta við veðurstöð] er opin.
3 Ýtið á reitinn [Breyta].
✓ Í stað strikatáknanna sjást hakreitir til að haka við í.
4 Ýtið á reitinn veðurstöðina sem skal eyða.
✓ Rautt hak birtist í hakreitnum. Rauði reiturinn [Eyða] birtist.
5 Ýtið á reitinn [Eyða].
✓ Veðurstöðinni hefur verið eytt.
6 Ýtið á reitinn [í lagi].
✓ Í stað hakreitanna sjást strikatáknin aftur.

6.2
Skoða veðurupplýsingar

1 Ýtið á reitinn veðurstöð.
✓ Netveðurþjónustan opnar fyrstu veðurstöðina sem er valin. Hér er hægt að skoða veðurupplýsingar fyrir daginn í dag og næstu tvo daga.




Mynd 37
Skoða veðurupplýsingar

2 Ýtið á reitinn veðurstöð [i] til að fá frekari upplýsingar um veðrið.
3 Með láréttri stroku er hægt að skoða gögn frá öðrum veðurstöðum.

7

Líkt eftir viðveru

Með því að velja aðgerðir í húsinu og taka þær upp er hægt að líkja sjálfkrafa eftir viðveru í húsinu á ákveðnu tímabili. Kerfið líkir þá eftir raunverulegri notkun og það lítur alltaf út fyrir að einhver sé heima, t.d. þegar fjölskyldan er í frii.



Mynd 38
Líkt eftir viðveru

7.1
Skráð hvernig líkja skal eftir viðveru

Áður en hægt er að líkja eftir viðveru verður að skrá þær aðgerðir í húsinu sem líkja á eftir á meðan þú ert í burtu samfellt í sjö daga. Það er gert með eftirfarandi hætti:

1 Opnið síðuna [Líkt eftir viðveru].
2 Ýtið á [Búa til nýja upptöku].
3 Ýtið á [Velja aðgerðir] og veljið aðgerðirnar sem á að skrá og líkja eftir síðar. Hér er um að ræða aðgerðir sem eru sýnilegar utan frá, t.d. aðgerðir tengdar ljósum eða stjórnun gluggatjalda og gluggahlera, þ.e. ef þeim er ekki stjórnað með tímastillingum.
4 Staðfestið völdu aðgerðirnar með [í lagi].
Að því loknu er hægt að skoða aðgerðirnar aftur og gera breytingar ef þess þarf.
5 Þegar búið er að velja aðgerðirnar skal setja upptökuna í gang með því að færa rennirofann [Taka upp] til hægri.
✓ Þá er byrjað að taka upp og lýkur upptökunni sjálfkrafa að sjö dögum liðnum.

7.2
Spila upptöku

Til þess að hægt sé að líkja eftir viðveru verða aðgerðir að hafa verið skráðar samfellt í sjö daga.

1 Opnið síðuna [Líkt eftir viðveru].
2 Byrjið að líkja eftir viðveru með því að færa rennirofann [Líkja eftir viðveru] til hægri.
✓ Líkt er eftir viðveru þar til slökkt er á eiginleikanum með rennirofanum.

8

Viðauki

8.1 Villuboð

Þegar villuboð birtast á skjánum er viðvörunarmerki sýnilegt í stöðustikunni. Yfirleitt er rofin nettenging ástæðan fyrir villuboðunum. Athugið þess vegna fyrst nettengingu Gira G1.

Frekari villuboð verða talin hér upp:

- „Tengingin við IP-gátt dyrasímakerfis er rofin."
  Merki um að tenging hefur rofnað eftir að aðgerðir dyrasímakerfisins hafa verið settar upp. Athugið nettenginguna við IP-gátt dyrasímakerfisins.

- „Innskráning tókst ekki."
  Athugið notandanafnið og lykilorðið sem slegið var inn fyrir þann Communicator fyrir dyrasímakerfi sem settur var upp fyrir Gira G1.

- „Ekki næst samband við IP-gátt dyrasímakerfis."
  Athugið tenginguna við IP-gátt dyrasímakerfisins.

- „Villa við að tengjast IP-gátt dyrasímakerfis."
  Merki um að tenging hefur rofnað eftir að aðgerðir dyrasímakerfisins hafa verið settar upp. Athugið tenginguna við IP-gátt dyrasímakerfisins.

- „Nettengingin er rofin."
  Athugið tengingu Gira G1 við netið.

- „Ekki næst samband við veðurþjónustuna."
  Athugið internettengingu Gira G1.


- Röng dagsetning og klukka, veðurspá virkar ekki.
  Athugið hvort DNS-þjónn er skráður í netstillingum ef eiginleikinn [Veður] virkar ekki og dagsetning og klukka er rangt stillt.

8.2 Handvirk endurræsing búnaðar með segli

Ef Gira G1 búnaðurinn sýnir ekki lengur viðbrögð er hægt að endurræsa Gira G1 með venjulegum segli:


1 Haldið seglinum upp að Gira merkinu á Gira G1 í u.þ.b. 3 sekúndur.
✓ Gira G1 endurræsist og stillingarnar haldast.

8.3
Mál Gira G1



Mynd 39
Mál Gira G1

8.4
Klemmutengingar á PoE-tengieiningu



Mynd 40
Klemmur fyrir PoE-tengieiningu

9

Ábyrgð

Söluaðilar annast þjónustu vegna ábyrgðar samkvæmt lagaákvæðum.
Vinsamlegast afhendið eða sendið (án burðargjalds) tæki sem eru í ólagi til viðkomandi söluaðila (sérverslunar/uppsetningaraðila/raftækjaverslunar) og látið fylgja með lýsingu á því sem á bjátar.
Söluaðilinn sendir tækin áfram til Gira Service Center.